



Dagsetning: 2. febrúar 2024
Málsnúmer: 2312050/10.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Erindi vegna gjaldfrjálsra afnota af eldhúsi Grunnskólans á Stöðvarfirði

Erindi barst frá Kimi Emma Juliette Tayler fh. Brauðdagar Bakhús til Fjarðabyggðar þ.7.desember 2023, um gjaldfrjáls afnot af eldhúsi grunnskólans á Stöðvarfirði án endurgjalds.

Bæjarráð fól atvinnu- og þróunarstjóra að skoða erindið með hlutaðeigandi aðilum á grundvelli verkefnisins Brothættar byggðir á fundi sínum – 826 (11.12.2023).

Atvinnu og þróunarstjóri var í framhaldi í samskiptum við hlutaðeigandi aðila.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Fyrst var haft samband við Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HA), svar þeirra var að eldhúsið uppfyllti allt það sem verkefnið þarf til. Þess má geta að málaðili hafði haft samband við HA í sömu erindum og fékk sama svar.

Niðurstaðan er að starfsemin og eldhúsið uppfylla öll skilyrði samkvæmt reglum HA og því má hefja notkun á því nú þegar til umræddrar starfsemi.

Grunnskóli Stöðvarfjarðar

Næst var haft samband (atvinnu – og þróunarstjóri) við skólastjóra Grunnskólans á Stöðvarfirði (GS) óskaði sá síðarnefndi eftir að erindið yrði tekið til umfjöllunar hjá kjörnum fulltrúum og samþykkir þeirra væri nauðsynlegt þar sem verkefnið skapaði fordæmi um notkun á húsnæði skóla Fjarðabyggðar þar sem notkun væri án endurgjalds.

Eftir fundi með skólastjóra og atvinnu- og þróunarstjóra sá hinn fyrrnefndi ekkert því til fyrirstöðu að starfsemin gæti rýmst inn í dagsskrá eldhússins ef öll tilskilin leyfi væru til staðar. Einnig að tryggt yrði að þær upphæðir sem annars hefðu komið til við afnot yrðu tryggð með öðrum hætti til skólans auk þess að tryggt yrði að starfsemin truflaði ekki daglega starfsemi eldhússins og skólans.

Þann 18.janúar höfðu Kimi og skólastjórinn átt fundi þar sem m.a. tímanotkun, tíðni og önnur atriði voru rædd og skólastjórinn sagði þetta gæti gengið upp í tölvupósti til atvinnu – og þróunarstjóra þann sama dag.



Niðurstaða

Verkefnið fellur vel að Brothættum byggðum á vegum Byggðastofnunnar og vinnuheiti þess á Stöðvafirði, Sterkur Stöðvarfjörður og hefur verkefnastjóri Austurbrúar Valborg Ösp Árnadóttir Warén verið höfð með í ferlinu frá upphafi.

Atvinnu- og þróunarstjóri Fjarðabyggðar hefur svo haft milligöngu milli þeirra aðila sem geta leitt málið til niðurstöðu þar sem formsatriði hafa verið uppfyllt. Því ættu aðstæður að vera til starfseminnar.

Valgeir Ægir Ingólfsson

Atvinnu- og þróunarstjóri

